

Kennsluáætlun í lífsleikni

3. bekkur

2025-2026

Waldorfskólinn Sólstafr

Kennarar: Magnea Guðrún Gunnarsdóttir og Álfheiður Þórhallsdóttir

Markmið:

Að nemendur

-læri umgengni skólasamfélagsins

-læri að þekkja ýmsar tilfinningar, t.d. gleði, sorg og reiði

-átti sig á tilgangi leikreglna í leikjum og samskiptum

-geti tjáð sig við samnemendur og kennara

-öðlist færni í samvinnu

-læri að hlusta á aðra og sýna kurteisi

Kennsluaðferðir:

Lífsleikni er samofin starfinu á yngsta stigi og munu kennarar flétta verkefnum inn í hrynjanda dagsins sem lúta að því að styrkja sjálfsmynd og skapa félagstengsl.

Helst ber að nefna; að læra umgengni skólasamfélagsins, bæði innan skólans og á útisvæðum skólans, t.d. rétta upp hönd, hengja upp fötin sín, vita hvar lóðamörk á skólalóð eru o.s.frv.

Við vinnum með sameiginleg gildi bekkjarins í byrjun skólaárs og gerum bekkjarsáttmála.

Í gegnum sögur, dæmisögur, dýrlingasögur og samræður læra börnin samskiptafærni, t.d. að sýna tillitsemi og setja sig í spor annarra, hvernig maður hlustar á aðra og sýnir virðingu og umhyggju. Frjálsi leikurinn er einnig mikilvægt kennslutæki. Nám í gegnum leik og mikla útiveru gefa barninu frelsi til að hvíla í hrynjanda dagsins og læra á sínum eigin hraða. Lífsleikni hvílir í miðju námsins og er miðlað með það að leiðarljósi að barnið nái að finna til öryggis og gleði í skólastarfinu.

Námsmat:

Hlustun, virkni og þátttaka.

Samvinna og samskipti við samnemendur, kennara og skólaliða.